

Selfossi, 28. ágúst 2000

77. stjórnarfundur Sorpstöðvar Suðurlands, haldinn 23. ágúst 2000 að Austurvegi 56, Selfossi, kl. 11:00

Mætt: Karl Björnsson, Ágúst Ingi Ólafsson og Sesselja Jónsdóttir og Þorvarður Hjaltason, framkvæmdastjóri

Dagskrá:

- 1. Upplýsingar um starfsemina í Kirkjuferjuháleigu.**
Lagt var fram yfirlit um innvegið magn fyrstu 7 mánuði ársins. Samtals hafa borist 16.280 tonn til stöðvarinnar á þessum tíma.
- 2. Fundargerðir Kjötmjöls ehf. lagðar fram frá 25. maí, 23. júní og 3. ágúst.**
Rætt um endanlega fjármögnun verksmiðjunnar. Stefnt er að því að verksmiðjan taki til starfa í byrjun september.
- 3. Breyting á gjaldi fyrir urðun sláturúrgangs.**
Rætt um nauðsyn hækkunar á gjaldskrá fyrir sláturúrgang þar sem ljóst er að sá úrgangur sem kemur til urðunar eftir að kjötmjölsverksmiðja tekur til starfa verður kostnaðarsamari í urðun.
Stjórnin telur því nauðsynlegt að hækka gjaldskrá fyrir sláturúrgang verulega um næstu áramót.
- 4. Frágangur urðunarsvæðis.**
Lagt fram bréf frá Sveitarfélaginu Ölfusi, dags. 29. maí 2000, þar sem framkomnum hugmyndum um endanlegt útlit urðunarsvæðis er hafnað.
Stjórn samþykkir að fela landslagsarkitekt að ganga frá tillögu að frágangi svæðisins sem byggir á núverandi deiliskipulagi.
- 5. Önnur mál.**
Formaður og framkvæmdastjóri greindu frá ferð á Entsorga, stóra umhverfissýningu í Köln, í júní s.l., sem þeir fóru á vegum Sorpstöðvar ásamt fleiri aðilum á sviði umverfismála.

Fundi slitið kl. 13:00

Karl Björnsson Sesselja Jónsdóttir Ágúst Ingi Ólafsson Þorvarður Hjaltason

